



Fundargerð stjórnar SOS nr. 298
Stjórnar- og samráðsfundur SOS í framhaldi aðalfundar 2020

Staður: Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi og Teams fjarfundur

Dagsetning og tími: 24. nóvember 2020 kl. 15:00.

Mætt voru: Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Ingibjörg Kjartansdóttir stjórnarmaður, Arna Ír Gunnarsdóttir stjórnarmaður og Gísli Halldór Halldórsson (GHH) ritari stjórnar og Anton Kári Halldórsson (AKH) í fjarfundu. Þá mættu á fundinn Stefán Gíslason (SG) frá Environice og Bjarni Guðmundsson frá SASS.

Í fjarfundu voru:

Aldís Hafsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Bjarni Þorkelsson, Björn Kristinn Pálmarsson, Elliði Vignisson, Eydís Indriðadóttir, Álfheiður Eymarsdóttir, Helgi Sigurður Haraldsson, Kristófer A. Tómasson, Skafti Bjarnason, Lilja Einarsdóttir, Helgi Kjartansson, Ása Valdís Árnadóttir, Smári B. Kolbeinsson og Valtýr Valtýsson.

Gestur fundarins var Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra, ásamt aðstoðarmönnum Orra Páli Jóhannsyni, Sigríði Halldórsdóttur.

1. Samráðsfundur SOS

a. Ávarp umhverfisráðherra, Guðmundar Inga Guðbrandssonar

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra, flutti framsögu um væntanlegar breytingar á úrgangslöggjöfni.

b. Stefán Gíslason – aðgerðaráætlun SOS og horfur með brennslu dýraleifa

Stefán Gíslason kynnti drög að aðgerðaráætlun SOS vegna vinnu við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturhorninu ásamt undirbúningsvinnu og kostnaðarupplýsinga vegna brennslu á dýraleifum.

c. Umræður og fyrirspurnir

Fram kom í máli ráðherra að vinna Sorpstöðvarinnar í úrgangsmálum væri til mikillar fyrirmyndar og þar væri m.a. brautryðjendastarf sem nýtast myndi mun fleirum en sveitarfélögum á Suðurlandi.

JGV beindi fyrirspurn til ráðherra um hugsanlega aðkomu ráðuneytisins að umgjörð um brennslu dýraleifa. Ráðherra telur æskilegt að þeir aðilar sem að málum standa í dag beri saman bækur sínar. Einnig séu einkafjárfestar tilbúnir til aðkomu og ríkið geti vel skoðað PPP aðferðir.

Ráðherra tekur undir að það þurfi að leggja áherslu á og undirbúa hvernig nýta má moltu og kjötmöl, þ.e. lífrænan áburð, t.d. til uppgræðslu og í áburðarnotkun.

Ráðherra svaraði því að urðunarskattur mun verða gjald á það sem ætti að urða og verða til þess að minna verði urðað. Núna er áhersla á að fólk borgi fyrir það sem það er að senda til urðunar.

2. Bókun stjórnar

Stjórn SOS óskar eftir viðbrögðum þeirra aðildarsveitarfélaga sem ekki hafa þegar tjáð sig við drögum að aðgerðaráætlun SOS vegna svæðisáætlunar þannig að fram komi með skýrum hætti ef einhverjar athugasemdir eru við þann farveg sem verkefnið er í.

2. Endurnýjun á samstarfssamningi við SASS

Stjórn veitir formanni umboð til að skrifa undir endurnýjaðan þjónustusamning við SASS fyrir hönd SOS.

3. Framlenging á samstarfi við Stefán Gíslason

Stjórn samþykkir að framlengja núverandi samstarfssamning við Environice co. Stefán Gíslason

4. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi

Stefán fór yfir stöðu á móttöku úrgangs, undanþágubeiðni vegna urðunar á dýraleifum og framhald verkefnis um hönnun á brennsluofni. Fram kom að undanþágubeiðni er komin um urðun á dýraleifu frá og með 18. nóv. sl. og til 1. júlí 2021 á Strönd.

Gert er ráð fyrir að næsti stjórnarfundur verði að óbreyttu í upphafi næsta árs.

Fundi slitið klukkan 17:30